



Stjórnarskrárfélagið

Ályktun aðalfundar Stjórnarskrárfélagsins 28. september 2014

- athugasemdir við áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar.

Stjórnarskrárfélagið lýsir yfir áhyggjum af þeirri stefnu sem endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur tekið í meðförum Alþingis og starfandi stjórnarskrárnefndar.

Alþingi ber siðferðileg og pólitísk skylda til að virða niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu sem það sjálfst boðaði til. Annað væri andlýðræðislegt og myndi setja skelfilegt fordæmi sem væri örugglega ekki til þess fallið að auka tiltrú almennings á kosningum.

Stjórnarskrárfélagið krefst þess af öllum fulltrúum í hinni nýlega skipuðu stjórnarskrárnefnd Alþingis að virða þá lýðræðislegu grundvallarskyldu.

F.h. Stjórnarskrárfélagsins

Sigurður Sigurðsson

Stjórnarskrárfélagið var stofnað árið 2010 af áhugafólki um íslenska stjórnarskrá. Tilgangur félagsins er að vekja umræðu um stjórnarskrármál og fá sem flesta til að sækja og verja rétt þjóðarinnar sem stjórnarskrárgjafa.

NIÐURSTÖÐUR ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUNNAR 20. OKTÓBER 2012:

Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá? - **Já, 66,9%**

Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign? - **Já 82,9%**

Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi? - **Já 57,1%**

Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er? - **Já 78,4%**

Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt? - **Já 66,5%**

Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu? - **Já 73,3%**

Stjórnarskrárfélagið vísar til umfjöllunar Þorkels Helgasonar stærðfræðings um niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar, sjá <http://thorkellhelgason.is/?p=1915>